



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P/132/1803
komudagur 25. 4. 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvanneyri 24. apríl 2006

Hér með fylgir umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda, 713. mál, heildarlög. Umsögnin er unnin af Jóni Guðmundssyni, sérfræðingi á umhverfiseild, sem hefur borið ábyrgð á þessum málaflokki innan LbHÍ á undanförunum árum. Skólinn er reiðubúinn að senda fulltrúa á fund nefndarinnar til að skýra þessi sjónarmið frekar, sé þess óskað.

Virðingarfyllt

Ágúst Sigurðsson
rektor

24. apríl, 2006.

Athugasemdir Landbúnaðarháskóla Íslands við

“Frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda.”

Landbúnaðarháskóli Íslands fagnar tilkomu frumvarpsins og staðfestingu á hinu mikilvæga hlutverki skólans varðandi skráningu og á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda tengdri landnotkun sem í frumvarpinu felst. Rannsóknastofnun landbúnaðarins og síðar Landbúnaðarháskóli Íslands hefur frá 1998 séð um samantekt á upplýsingum um bindingu kolefnis með landgræðslu og skógrækt vegna skila til Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar samkvæmt beiðni umhverfisráðuneytis. Í því hefur falist úrvinnsla upplýsinga um umfang landgræðslu og skógræktar sem viðkomandi stofnanir hafa látið í té. Kröfur Rammasamningsins varðandi losun tengdri landnotkun hafa tekið miklum breytingum og er sá hluti skýrslugerðarinnar sem lýtur að landnotkun orðinn einna flóknasti hluti skýrslugerðarinnar. Aðilar samningsins þurfa nú að standa skil á losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda sem tengist þeirri landnotkun og við breytingar á landnotkun. Forsenda þess að unnt sé að standa skil á þeim upplýsingum er að til sé skrá um landnotkun á landinu öllu og hvernig hún breytist frá ári til árs. Engin slík skrá er fyrir hendi hér á landi og þarf því að koma henni á fót og uppfæra með reglubundnum hætti.

Þau verkefni sem með frumvarpinu eru falin Landbúnaðarháskóla Íslands eru:

1. Að annast skráningu og halda utan um upplýsingar um landnotkun á landinu öllu með þeim hætti sem Rammasamningurinn og Kyoto-bókunin gerir kröfu um. Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins leggja til gögn um aðgerðir hvers árs á sviði landgræðslu og skógræktar sem samræma þarf upplýsingum um aðra landnotkun. Einnig þarf að afla ýmissa viðbótar gagna er lúta að landnotkun og nægir þar að nefna notkun kalkáburðar og umfang framræslu og sinubruna.
2. Að halda skrá yfir þá stuðla sem notaðir verða við umreikning landnotkunar yfir á losun eða bindingu gróðurhúsalofttegunda í samræmi við kröfur Rammasamningsins og Kyoto-bókunarinnar.
3. Að uppfæra ofangreinda þætti með reglubundnum hætti eftir því sem þörf verður á.
4. Að annast árlega skýrslugerð vegna landnýtingarhluta Rammasamningsins (LULUCF) og Kyoto-bókunarinnar (eftir 2008) og skila þeim upplýsingum til Umhverfisstofnunar.
5. Að taka saman upplýsingar er varða losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði með þeim hætti sem Rammasamningurinn og Kyoto-bókunin gerir ráð fyrir. Umhverfisstofnun hefur til þessa annast þennan þátt bókhaldsins en er nú með frumvarpinu gert ráð fyrir að færist yfir á hendur Landbúnaðarháskóla Íslands. Upplýsingar vegna þessa hluta hafa komið frá Bændasamtökum Íslands en var gert ráð fyrir að flyttust til Landbúnaðarstofnunar við stofnun hennar við síðustu áramót.
6. Að halda skrá yfir og uppfæra eftir því sem þörf er á þá stuðla sem notaðir verða vegna umreikninga landbúnaðarstarfsemi yfir í losun gróðurhúsalofttegunda.
7. Að annast árlega skýrslugerð vegna landbúnaðarhluta Rammasamningsins (LULUCF) og Kyoto-bókunarinnar (eftir 2008) og skila þeim upplýsingum til Umhverfisstofnunar.

Þau verkefni sem með frumvarpinu eru sett á Landbúnaðarháskóla Íslands eru mun umfangsmeiri en fram kemur í greinargerð með frumvarpinu sbr. umfjöllun um 2.mgr. 4.gr. en þar má skilja að öll úrvinnsla upplýsinga um landnýtingu og landbúnað verði á höndum Umhverfisstofnunar. Í þeirri lýsingu gæti ákveðins misskilnings á þeirri verkaskiptingu sem verið hefur milli þessara stofnana en yfirlýstur tilgangur langanna er að formfesta þá skipan og er vísað í því sambandi til athugasemda úttektarnefndar Rammasamningsins, sem kom hér í september 2004.

Sú verkaskipting er að Landbúnaðarháskólinn annast alla úrvinnslu upplýsinga vegna landnýtingahluta bókhaldsins sem óskað hefur verið eftir af hálfu Umhverfisstofnunar og Umhverfisráðuneytis og skili til Umhverfisstofnunar.

Ein af megin athugasemdum úttektarnefndar Rammasamningsins sem var hér september 2004 var að upplýsingar vantaði um ýmsa þætti í landnýtingarhluta bókhaldsins. Í þeim hluta höfðu fram til þess aðeins verið skilað inn upplýsingum um bindingu kolefnis með landgræðslu og skógrækt. Sami háttur var einnig hafður á 2005. Kröfur samningsins um skil á upplýsingum vegna landnýtingarhluta samningsins hafa aukist verulega og í ár og framvegis verður að skila inn upplýsingum um alla landnotkun og losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda henni tengdri. Það hefur fallið í hlut Landbúnaðarháskóla Íslands vegna þeirra sérþekkingar sem þar er fyrir hendi að annast þann hluta bókhaldsins sem lýtur að landnotkun.

Í því frumvarpi sem er til umfjöllunar er verið að formfesta verkaskiptingu þeirra stofnana sem koma að skráningu á losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægt er að það sé gert með þeim hætti að allar ákvarðanir varðandi bókhaldið verði skilvirkar og að ekki skapist óvissa um verksskiptingu milli stofnana sem skaðað gæti hagsmuni Íslands gagnvart Rammasamningum og Kyoto-bókuninni.

Þess vegna er lagt til að kveðið verði skýrar á um verkaskiptingu milli Landbúnaðarháskóla Íslands og Umhverfisstofnunar en gert er í frumvarpinu. Einnig er mikilvægt að kveðið verði skýrt á um þá skráningu á landnotkun og breytingar á landnotkun sem nauðsynleg er vegna skila á landnýtingarhluta bókhaldsins til Rammasamningsins og Kyoto-bókunarinnar. Sömuleiðis er mikilvægt að tryggt verði að Landbúnaðarháskóli Íslands geti kallað eftir þeim upplýsingum sem þörf er á vegna þess hluta bókhaldsins sem honum verður falinn.

Þess vegna eru lagðar til eftirfarandi breytingar.

4. gr verði breytt með eftirfarandi hætti:

Í stað núverandi 1. mgr. Komi

“Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði”

Í stað núverandi 2. mgr. Komi

“Landbúnaðarháskóli Íslands skal annast þann hluta bókhaldsins sem lýtur að landnotkun, breytingum á landnotkun og skógrækt með þeim hætti sem krafist er vegna bókhaldsins, sbr. 1. mgr., sem og þann hluta er varðar losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og skila þeim til Umhverfisstofnunar. Orkustofnun skal taka saman og skila upplýsingum um orkumál, sem krafist er vegna bókhaldsins, til Umhverfisstofnunar.”

Með þessum breytingum er yfirumsjón Umhverfisstofnunar með málaflokknum tryggð en jafnframt er hlutverk Landbúnaðarháskólans betur skilgreint og í samræmi við þá verkaskiptingu sem er fyrir hendi.

5. gr. Breytist með eftirfarandi hætti:

Ný málsgrein sem kveði á um skyldu Landbúnaðarháskóla Íslands til að halda skrá um landnotkun og breytingar á landnotkun vegna skuldbindinga Rammasamningsins og Kyoto- bókunarinnar. Greinin gæti verið orðuð með eftirfarandi hætti:

“Landbúnaðarháskóli Íslands vistar og rekur skráningarkerfi, um landnotkun og breytingar á landnotkun, sem nauðsynlegt er vegna bókhaldsins.”

Lagt er til að það verði skoðað sérstaklega hvort núverandi ákvæði frumvarpsins tryggi skil nauðsynlegra upplýsinga til Landbúnaðarháskóla Íslands eða hvort setja þurfi frekari heimildir en fyrir hendi eru til setningar reglugerða hvað það varðar inn í frumvarpið.

Í greinargerð frá fjármálaráðuneyti sem fylgir frumvarpinu er viðbótarkostnaður vegna Landbúnaðarháskólans metin á 1. m.kr á ári. Þessi tala hefur væntanlega farið inn fyrir einhvern misskilning en kostnaðaráætlun skólans vegna landnýtingarluta bókhaldsins er **14 m.kr** á ári og **1 m.kr** vegna landbúnaðarluta bókhaldsins sem áður var vistaður hjá Umhverfisstofnun. Samtals er því viðbótarkostnaður Landbúnaðarháskóla Íslands vegna frumvarpsins **15 m.kr**.

Í ljósi þess að frumvarpið fjallar einnig um skráningu á upptöku gróðurhúsalofttegunda mætti e.t.v. breyta nafni þess yfir í *“Frumvarp til laga um skráningu á losun og upptöku gróðurhúsalofttegunda”*

Að endingu skal bent á að inn í 2. gr frumvarpsins hefur slæðst meinleg villa sem einnig gengur í gegnum alla greinagerðina. Gróðurhúsalofttegundin N_2O er sögð heita nituroxíð en rétt efnafræðiheiti er dínituroxíð eða tvínituroxíð. Athygli vekur að orðmyndin koldíoxíð er notuð í stað íslensku orðmyndarinnar koltvíoxíð í frumvarpinu.

Virðingarfyllst;

Jón Guðmundsson, sérfræðingur, umhverfiseild